

Mánudaginn 2. júní 1969.

Nr. 55/1969. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Sigurði Þór Söebeck

(Örn Clausen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn skipulagslögum og byggingarsamþykkt.
Brottflutningur húss.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta er réttilega höfðað, sbr. 1. gr. og 11. tl. 2. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála.

Á kaupsamning þann, dags. 11. maí 1966, sem gerður var við ákærða um landspildu hans úr jörðinni Laugabóli í Mosfellssveit, er áritun undirrituð af Matthíasi Sveinssyni, sveitarstjóra Mosfellshrepps, 28. maí 1966 þess efnis, að hreppsnefnd hafni forkaupsrétti og að óheimilt sé „að byggja á ofangreindu landi, nema samþykkt sé af því skipulag og leyfi byggingarnefndar Mosfellshrepps sé fengið“. Sama áritun er einnig á afsali fyrir landspildunni, en afsali þessu var þinglýst hinn 19. september 1966.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða og brottflutning húss hans, er í málinu greinir.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Sigurðar Þórs Söebechs, og um brottflutning húss hans á land-

spildu hans úr landi Laugabóls í Mosfellssveit skulu vera öröskuð.

Ákærði greiði allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í héraði og fyrir Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 14. janúar 1969.

Árið 1969, þriðjudaginn 14. janúar, er í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem háður er af Steingrími Gaut Kristjánssyni, fulltrúa sýslumanns, kveðinn upp dómur í málinu nr. 465/1967: Ákærvaldið gegn Sigurði Þ. Söebeck, sem tekið var til dóms 18. desember 1967.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 5. júní 1967, á hendur Sigurði Þór Söebeck kaupmanni, Stóragerði 23 í Reykjavík.

Í ákæruskjalinu er ákærða gefið að sök að hafa brotið gegn byggingarsamþykkt fyrir Mosfellshrepp í Kjósarsýslu nr. 125/1960 og skipulagslögum nr. 19/1964 með því að staðsetja í október 1966 sumarbústað um 5×10 metra að flatarmáli á landspildu sinni, skipulagsskyldri, milli Suðureyrar og Köldukvíslar úr landi Laugabóls í Mosfellshreppi án samþykkis og gegn synjun hreppsnefndar Mosfellshrepps og án samþykkis skipulagsyfirvalda.

Af ákærvaldsins hálfu er því haldið fram, að atferli ákærða varði við auglýsingu um staðfestingu á byggingarsamþykkt fyrir Mosfellshrepp í Kjósarsýslu nr. 125/1960, sbr. 4. gr. með áorðinni breytingu samkvæmt nefndri auglýsingu, og 37. gr. og 38. gr. byggingarsamþykktarfyrimyndar í auglýsingu nr. 97/1948, sbr. lög nr. 19/1905 um byggingarsamþykktir, lög nr. 55/1921 um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, sbr. nú skipulagslög nr. 19/1964, sbr. enn fremur auglýsingu nr. 120/1960 um skipulag í Mosfellshreppi, og enn fremur við 5. gr., sbr. 6. gr. og 36. gr. nefndra skipulagslaga nr. 19/1964.

Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar, og enn fremur, að nefnd bygging verði fjarlægð

af nefndri landspildu ákærða á hans kostnað og með niðurrifi, ef með þarf.

Af ákærða hálfu er krafizt sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins og málskostnaðar að mati réttarins.

Ákærði er fæddur 26. ágúst 1936 í Reykjavík.

Samkvæmt sakavottorði, dags. 5. júní 1967, hefur hann hlotið áminningu fyrir brot gegn 1. mgr. 36. gr. tolllaga á árinu 1953.

Frá 1954 til 1959 hefur hann níu sinnum gengizt undir sektar-greiðslu fyrir brot á umferðarreglum, kr. 75.00—kr. 200.00 hverju sinni, og fjórum sinnum hlotið áminningu fyrir ólöglegt bifreiðastæði. Á árinu 1963 hefur hann þolað dóm fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga, 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár. Loks hefur hann á árinu 1966 gengizt undir greiðslu 3.500.00 króna sektar og upptöku á matvælum fyrir brot á 38. og 39. gr. laga nr. 68/1956.

Málavextir.

Með kaupsamningi, dags. 11. maí 1966, og afsali, dags. 2. september 1966, varð ákærði löglegur eigandi að landspildu úr landi Laugabóls í Mosfellssveit. Hafði sveitarsjóði Mosfellshrepps áður verið boðið að neyta forkaupsréttar, en því boði verið hafnað.

27. maí 1966 ritaði sveitarstjóri hreppsins ákærða bréf, þar sem gerð er grein fyrir ákvæði byggingarsamþykktar Mosfellshrepps um, að ekki megi reisa hús eða önnur mannvirki innan hreppsins nema með samþykki byggingarnefndar og sveitarstjórnar. Er ákærða jafnframt tilkynnt, að byggingar verði ekki leyfðar á landi hans, fyrr en ákveðið hafi verið heildarskipulag á landsvæði því, sem lóð ákærða er hluti af, samþykkt bæði af skipulagsstjóra ríkisins og hreppsnefnd Mosfellshrepps.

3. júní 1966 ritaði ákærði ásamt fimm öðrum eigendum lóða úr landi Laugabóls bréf til hreppsnefndar Mosfellshrepps, þar sem þeir sækja um heimild til að láta skipuleggja lönd sín til íbúðarhúsabygginga. Lönd þessara manna munu liggja saman. Erindi þetta var borið upp á fundi hreppsnefndar 3. júní 1966 og ákveðið að leita umsagnar skipulagsstjóra. Umsögn skipulagsstjóra var á þann veg, að hann teldi ekki tímabært að taka svæðið til skipulagningar og gæti því ekki mælt með erindinu.

4. ágúst 1966 ritaði ákærði hreppsnefnd bréf, þar sem hann fer þess á leit að fá að reisa sumarbústað á landi sínu og láta hann standa þar næstu 5 árin, en kveðst munu skuldbinda sig til að fjarlægja húsið án tafar, ef þarfir skipulags krefjist. Lofar hann

að nota bústaðinn aðeins fyrir sig og fjölskyldu sína og hvorki selja hann né leigja. Þýðst hann til að greiða gatnagerðargjald án þess að gera kröfu til gatnagerðar og kveðst sjálfur munu kosta og framkvæma frárennislögn og vatnslögn, ef þörf krefji.

Þetta erindi var tekið fyrir á fundi hreppsnefndar 16. ágúst 1966 og vísað til skipulagsstjóra. Í bréfi til hreppsnefndar, dags. 20. september 1966, mælir skipulagsstjóri gegn erindinu með þeim rökum, að svæðið sé óskipulagt og því óráðlegt að leyfa þar nokkra byggð. Á fundi hreppsnefndar 27. september 1966 var umsókninni synjað og ákærða síðan tilkynnt ákvörðunin í bréfi, dags. 7. október 1966.

Eftir þessi málalok flutti ákærði tilbúið sumarhús úr timbri á land sitt. Mun það hafa verið eftir miðjan október 1966. Hús þetta er sem næst 5×10 metrar að flatarmáli. Hvíllir það á járngrind af bifreið, og eru bílhjól undir. Stálbitar eru festir ofan á bílgrindina, 5 metra langir, og hvíllir húsið á þeim. Hjólin hafa verið grafin ofan í svörðinn, þannig að húsið stendur lárétt. Grindin er bundin með jarðföstum járnstöngum. Undir útveggi hússins hafa verið settar sex stoðir, sem virðast hvíla á jörðinni. Við hlið bústaðarins hefur verið komið fyrir sökklum í jörðu, steinsteypum sívalningum, sem steyptir hafa verið í mót úr pappatunnum. Upp úr sökklinum ganga járnboltar, ætlaðir til að festa botngrind hússins við sökklana.

Ákærði hefur skýrt svo frá fyrir dóminum, að hann hafi í fyrstu viku ágústmánaðar árið 1966 steyppt undirstöður þessar með það fyrir augum að reisa á þeim sumarbústað. Þegar þar var komið verkinu, að ákærði hugðist reisa húsgrindina, kom byggingarfulltrúi hreppsins að máli við hann og lagði fyrir hann að fjarlægja allt byggingarefnið, bæði það, sem óunnið var, og það, sem unnið hafði verið úr.

Ákærði kveðst tafarlaust hafa flutt byggingarefnið til Reykjavíkur og reist húsið þar á stálgrind. Síðan kveðst hann hafa flutt húsið á land sitt aftur fullsmíðað í því skyni að geyma það þar, þar til hann hefði fengið lóð annars staðar. Telur hann, að hann geti fjarlægt húsið fyrirvaralaust á nokkrum mínútum, verði það talið í vegi fyrir skipulagi. Síðan hefur ákærði notað húsið sem sumarbústað, dvalið þar um helgar á sumrum með fjölskyldu sinni, en síður á vetrum vegna rafmagnsleysis, að því er hann sjálfur segir.

Í bréfi til réttarins, dagsettu 14. febrúar 1968, skýrir skipulagsstjóri svo frá, að hann hafi gefið ákærða greinilegar upplýsingar

um það, hvaða lög og reglur giltu í byggingarmálum Mosfells-
hrepps, áður en hann flutti húsið á land sitt.

Málsástæður.

Skipaður verjandi ákærða hefur rökstutt sýknukröfu með því, að ákærði hafi ekki brotið gegn þeim ákvæðum skipulagslaga og byggingarsamþykktar, sem mæli ólögsmætt og refsivert það atferli að reisa hús án tilskilins leyfis, þar sem húsið hafi verið sett saman annars staðar og hafi verið flutt á staðinn á hjólum. Er á því byggt, að húsið sé sem hvert annað lausafé, sem skipulagslög taki ekki til, enda megi fjarlægja það fyrirvaralaust.

Í annan stað er því haldið fram, að þótt ekki verði fallið á þessa aðalröksemd, beri ekki að refsá ákærða fyrir atferli hans, þar sem fjöldi manna hafi reist hús í Mosfellssveit án leyfis og án þess að skipulagsyfirlögd hafi amazt við því.

Sérstök áherzla er lögð á, að ef ákærða yrði refsað, væri brotið gegn þeirri meginreglu, að lög eigi að ganga jafnt yfir alla.

Álit réttarins.

1. Refsikrafa.

Samkvæmt framansögðu er leitt í ljós, að ákærði hóf byggingarframkvæmdir á landspildu sinni í Mosfellshreppi án leyfis og eftir að honum höfðu sérstaklega verið kynntar reglur þær, sem óheimila framkvæmdir hans, og honum verið tilkynnt af þar til bæru yfirvaldi, að byggingar yrðu ekki leyfðar á landi hans. Eftir að byggingarfulltrúi hafði stöðvað framkvæmdir hans, flutti hann síðan fullbyggt hús á land sitt, staðsetti það þar og hefur síðan hagnýtt það sem sumarbústað og ekki sinnt kröfum um að flytja það brott.

Ákærði hefur þannig brotið gegn ákvæðum þeim, sem greind eru í ákæruskjali svo og gegn 26. gr. lögreglusamþykktar fyrir Kjósarsýslu nr. 146/1941, sbr. 42. gr. samþykktarinnar. Þykir það ekki geta breytt þessari niðurstöðu, að stefnandi hefur flutt hús sitt fullbúið á hjólum á land sitt, en við ákvörðun refsingar þykir bera að virða þessa háttsemi sem tilraun til að sniðganga lög og reglur. Ekki þykir fært að fallast á þá röksemd, að refsing ákærða eigi að falla niður, vegna þess að aðrir hafi brotið sömu reglur og hann. Með hliðsjón af ofangreindu og öðrum atvikum, sem máli skipta, þykir sekt ákærða hæfilega ákveðin kr. 10.000.00.

2. Krafa um brottflutning húss.

6. gr. skipulagslaga nr. 19 frá 1964 hljóðar svo:

„Nú er bygging eða gerð mannvirkis hafin á skipulagsskyldu svæði, án þess að tilskilin leyfi séu fengin, eða á annan hátt byggt

en leyfi stendur til og skipulag gerir ráð fyrir, og skal sveitarstjórn (byggingarnefnd) þá hlutast til um, að framkvæmdir verði þegar stöðvaðar og fjarlægð það, sem byggt kann að hafa verið án leyfis. Gerist þess þörf, skal leitað til hlutaðeigandi yfirvalds, og skal farið með slík mál að hætti opinberra mála.

Sveitarsjóður greiðir kostnað við framkvæmd yfirvalds, en skyldur skal hinn seki að endurgreiða kostnaðinn. Sveitarsjóður á forgangsveð fyrir endurgreiðslukröfu sinni í því efni, sem komið er í hina ólöglegu byggingu.

Nú kemur í ljós, að skipulagsákvæði eru brotin, og sveitarstjórn beitir ekki valdi sínu til að leiðrétta það, og skal þá ráðuneytið, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, hlutast til um, að mannvirki, sem tvímælalaust brjóta í bág við gildandi skipulag, verði fjarlægð á kostnað sveitarsjóðs.

Í 2. gr. laga nr. 82 frá 1961 um meðferð opinberra mála segir svo um mál til brotnáms ólögmæts ástands, að þau skuli sæta rannsókn og meðferð samkvæmt lögnum, enda eigi fyrirsvarmaður almenningshagsmuna aðild.

Ákvæði þetta ber að skilja á þann veg, að því aðeins skuli rannsókn og meðferð máls til brotnáms ólögmæts ástands fara samkvæmt lögnum, að ólögmætt ástand sé talið fara í bág við opinbera hagsmuni. Ákvæði þetta virðist og fela í sér, að gæzlumenn þeirra hagsmuna fari með aðild máls. Val hugtaksins aðild í nýlegum réttarfarslögum verður vart skilið á annan veg, enda hníga eðlisrök til þess skilnings. Regla 11. tl. 2. gr. laga nr. 82/1961 er frávik frá almennum réttarfarsreglum, og ber að skýra hana þröngt. Hreppsnefnd Mosfellshrepps á þannig aðild brotnámskröfunnar og að henni frágenginni félagsmálaráðuneytið. Ekki girðir þessi ályktun þó fyrir, að krafa verði höfð uppi í opinberu refsímáli með hliðstæðum hætti og bótakrafa vegna tjóns af refsiverðu atferli, sbr. XVII. kafla laga nr. 82/1961.

Við þingfestingu málsins 21. september 1967 var eftirfarandi bókað að ósk umboðsmanns Mosfellshrepps: „Ég er mættur hér að tilhlutan dómarans. Hins vegar lít ég svo á, að Mosfellshreppur sé ekki aðili máls, þar sem saksóknari hefur gefið út ákæruskjal, sem innifelur allar kröfur Mosfellshrepps, sem ég skoða sem kæranda. Af þeim sökum tel ég, að saksóknara ríkisins beri að reka málið“.

Ekki verður talið, að umboðsmaðurinn hafi með þessari yfirlýsingu viljað hindra, að krafa umbjóðanda hans um brottflutning næði fram að ganga í málinu. Í yfirlýsingunni felast hins vegar

mótmæli gegn því, að Mosfellshreppur verði talinn hliðsettur ákæruvaldinu sem aðili að rekstri málsins.

Samkvæmt framansögðu ber ákærða þannig að hlýta því, að sumarbústaður hans verði fjarlægður af landspildu hans í Laugabólslandi í Mosfellssveit á hans kostnað og með niðurrifi, ef með þarf.

Loks þykir bera að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dráttur hefur orðið á meðferð málsins, meðan beðið var greinargerðar hreppsnefndar um ólöglega staðsettar byggingar í Mosfellssveit. Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Þór Söbech, greiði 10.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 10 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Hús ákærða á spildu hans úr landi Laugabóls í Mosfellssveit skal fjarlægjast á kostnað ákærða með niðurrifi, ef með þarf.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.
